

Nd.

191. Nefndarálit

við frumv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað „um takmarkaðan tíma“ komi: um tiltekinn tíma.
 - b. Í stað „aðeins takmarkaðan tíma“ komi: aðeins um stundarsakir.
2. Við 2. gr.
 - a. Orðin „og 7.“ falli burt.
 - b. Á eftir fyrri málsg. kemur nýr málsl., svo hljóðandi: Nú eru kaupgreiðendur aðilja fleiri en einn á hinu sama útsvars- eða skattári, og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þann tíma, er þeir hafa greitt honum kaup.
 - c. 2. málsg. orðist þannig:

Gagnvart þeim aðiljum, sem hafa dvalar- eða atvinnuleyfi um ótiltekinn tíma, kemur þó ábyrgð kaupgreiðanda því aðeins til greina, að innheimtumenn skatts og útsvars tilkynni honum, að hann verði gerður ábyrgur.
3. Við 3. gr. Orðin „frá því að útsvars- eða skattskylda skapast“ falli burt.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Ef upphæð sú, sem heimilt er að halda eftir samkv. 3. gr. til að fullnægja skatt- og útsvarsskyldum gjaldanda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða innheimtumaður skatts eða útsvars, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til hlutaðeigandi niðurfjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi gjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðunum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.
5. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 1. apríl 1938.

Sveinbjörn Högnason,	Vilm. Jónsson,	Garðar Þorsteinsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Thor Thors.	Gísli Guðmundsson.	